

**Fundargerð 219. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fjárfundur haldinn fimmtudaginn 11. febrúar 2021 kl. 15:00.

Viðstaddir: Halldór Eiríksson formaður, Pétur Óskarsson, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir og Dagný Arnarsdóttir.

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir og Snorri Valsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð 203, 204, 205, 206, 207, 208 , 209, 210, 211, 212, 213, 214, 215, 216, 217 og 218.  
Undirritun frestað
2. Umsóknarferli FF16 – 2020  
Bréf til ráðherra með tillögum að styrkþegum 2021 (FF16) ásamt fylgiskjölum samþykkt og undirritað. (Sjá meðfylgjandi)

Næsti fundur:

04. mars

Fundi slitið kl. 16:00

Fundargerð ritaði: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir

Undirskriftir stjórnarmanna

**Efni: Tillögur stjórnar FF að úthlutun styrkja úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða árið 2021.**


Á fundi sínum þann 11. febrúar 2021 samþykkti stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða meðfylgjandi tillögur að úthlutun styrkja úr sjóðnum, sem hér með eru sendar ráðherra til ákvörðunar. Tillögur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða eru unnar samkvæmt lögum nr. 75/2011 og reglugerð nr. 782/2017 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.


Auglýst var eftir umsóknum þann 5. september í Fréttablaðinu og 10. september í Bændablaðinu, en umsóknarfrestur var auglýstur frá og með 8. september til hádegis 6. október 2020. Framlengja þurfti um einn dag eða til hádegis 7. október vegna tæknilegra vandamála við vinnslu umsókna.

Alls bárust 128 umsóknir um styrki að fjárhæð kr. 2.509.885.964,- til verkefna að heildarfjárhæð kr. 3.394.687.982,-. Af innsendum umsóknum voru 12 ekki taldar uppfylla formkröfur sjóðsins eða falla utan verksviðs hans skv. lögum nr. 75/2011 og reglugerð nr. 782/2017 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Að þessu sinni er lagt til að alls 54 verkefni séu styrkt og þar af eitt að beiðni ferðamálaráðherra. Til úthlutunar að þessu sinni eru kr. 807.000.000,-. Með breyttum lögum og gæðamati þá eru 46 af 53 verkefnum skilgreind á áfangastaðaáætlun innan síns svæðis.

Virðingarfyllst,

  
Halldór Eiríksson formaður

  
Dagný Arnarsdóttir

  
Pétur Óskarsson

  
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

**Fylgigögn tillagna:**

FF16 2021 - Tillaga stjórnar að styrkþegum ásamt rökstuðningi fyrir úthlutun.

FF16 2021 - Tillaga stjórnar að styrkþegum skv. tegund umsækjenda.

FF16 2021 - Tillaga stjórnar að styrkþegum skv. landshlutum.

*FF16 2021 - Yfirlit umsækjanda skv. landshlutum með ástæðum fyrir afgreiðslu umsókna.*

*FF16 2021 - Skipting umsækjenda og styrkþega eftir landshlutum (kökurit).*

*FF16 2021 - Gæðamatsblað umsókna.*

*FF16 2021 - I - Stigagjöf fyrir viðmið gæðamats.*

*FF16 2021 - II - Stigagjöf fyrir viðmið gæðamats.*

*FF16 2021 - Auglýsing.*

*FF16 2021 - Reglugerð um starfsreglur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.*

*FF16 2021 - Ráðstöfun ferðamálaráðherra af fjárveitingu til FF*